

Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer: 1. fundur stjórnar FRÍ 2026-2028

Fundartími: Fimmtudagur 14. mars 2026 kl. 17.00 - 17.45

Staðsetning: Fundur haldinn í gegnum fjarfundaforritið Google Meet.

Fundarstjórn: Sveinn Margeirsson

Fundarritun: Rannveig Oddsdóttir

Fundarmæting: Aðalstjórn: Sveinn Margeirsson (SM), Katrín Jakobsdóttir (KJ), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Rannveig Oddsdóttir (RO), Trausti Stefánsson (TS)

Varastjórn: Jón Örn Árnason og Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP)

Forfölluð:

Skrifstofa: Guðmundur Karlsson (GK)

Gestir:

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt
- Fundargerðir: Þinggerð frjálsíþróttapings samþykkt
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: engin

2. Skipulag og verkaskipting stjórnar

- Sveinn Margeirsson, formaður
- Katrín Jakobsdóttir, varaformaður
- Rannveig Oddsdóttir, ritari
- Trausti Stefánsson, Gjaldkeri
- Sonja Sif Jóhannsdóttir, meðstjórnandi

3. Áherslumál - samhæfing við skrifstofu og aðildarfélög

Bent á að mörg gagnleg skjöl eru á drifinu, allir stjórnarmenn fá aðgang að því.

Guðmundur hvetur nýja stjórnarmenn líka til að kíkja í heimsókn á skrifstofuna.

Jón Örn ætlar að fara yfir reglugerð aganefndar svo hægt sé að leggja hana fyrir stjórn sem fyrst.

3. Þjóðarleikvangur - staða mála

Á þinginu lét Sveinn vita af því að eitt af hans helstu baráttumálum á kjörtímabilinu væri að koma hreyfingu á stöðu mála varðandi nýjan Þjóðarleikvang og tryggja að hann yrði að veruleika. Á þinginu koma líka fram mjög sterk samstaða frjálsíþróttahreyfingarinnar um þetta mál.

Það þarf að þrýsta á að haldið verði áfram með heildarskipulagið fyrir Laugardalinn. Heyra í fólki sem hefur með það að gera og fá ÍSÍ líka sterkar í lið með okkur. Sveinn og Katrín fá umboð stjórnar til þess að fara af stað með að ýta við áhrifafólki með þetta mál. Byrja á að senda bréf á Ingu Sæland Barna- og menntamálaráðherra, Heiðu Björgu Hilmarsdóttur Borgarstjóra og Skúla Helgason formann menningar- og íþróttaráðs.

4. Tímarammi og fundaskipulag framundan

Formaður vill gjarnan ná staðfund fljótlega, en erfitt að ná fólki saman. Næst ekki í apríl en stefnt að staðfundi í maí.

Fjarfundur ákveðinn þriðjudag 28. apríl. Kl. 17.00